

ÁRSKÓGARSKÓLI
DALVÍKURBYGGÐ



Skólanámskrá 2025-2026



Árskógarskóli leik- og grunnskóli
Skólanámskrá



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1 Inngangur	5
1.1 Saga skólans	5
1.2 Hlutverk	6
1.3 Framtíðarsýn	6
2 Stefna Árskógarskóla	6
2.1 Jákvæður skólabragur, markmið og áherslur Árskógarskóla	7
2.2 Grunnþættir menntunar	7
2.3 Uppeldis- og kennslufræðileg hugmyndafræði	11
2.3.1 Menntastefna Dalvíkurbyggðar	12
2.3.2 Uppbyggingarstefnan	12
2.4 Skóli án aðgreiningar	13
2.5 Umhverfisstefna	13
2.6 Útikennsla/útiskóli	15
2.7 Eineltisáætlun	16
2.8 Forvarnarstefna	16
2.9 Jafnréttisstefna	17
3 Hagnýtar upplýsingar	17
3.1 Árskógarskóli 2025-2026	17
3.2 Forföll og leyfi	17
3.2.1 Mentor og Karellen	17
3.2.2 Óveður og ófærð	18
3.3 Húsnæðið	18
3.4 Bókasafn og tölvukostur	18
3.5 Mötuneyti og nesti	18
3.6 Skólaakstur	19
3.7 Viðfangsefni skólaársins	19
4 Skóladagatal 2025-2026	19
5. Nemendur	20
Námsárangur og lykilhæfni	20
Skólaþing	21
Samkennsla	21
Leikurinn	21
Hópastarf	21
Hvöld	21
Val nemenda	22
Uppbygging skóladagsins	22
5.1 Námsgögn	22
5.2 Heimanám	22



5.3 Tómsundastarf og félagslíf barnanna	22
5.4 Frístund.....	22
5.5 Ferðalög.....	22
5.6 Áætlun um móttöku nýrra nemenda	23
5.7 Nemendur af erlendum uppruna.....	24
5.8 Afmæli.....	24
5.9 Fatnaður.....	24
5.9.1 Forstofur	24
6. Mat á starfi skólans	24
6.1 Innra og ytra mat á árangri og gæðum	24
6.2 Áætlunir um umbætur og þróunarstarf	25
6.3 Náms- og þroskamat skólans.....	25
Leikskólastig	25
Grunnskólastig	26
6.3.2 Lykilhæfni	26
7. Starfsfólk.....	27
Starfsmannasáttmáli	28
7.1 Trúnaðarmenn	28
7.2 Öryggistrúnaðarmaður	28
7.3 Áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.....	28
7.4 Starfsmannastefna	28
7.5 Símenntunaráætlun.....	29
8. Öryggi og varnir.....	30
8.1 Áætlun um öryggis- og slysavarnir	30
8.2 Áætlun um viðbrögð við áföllum	30
8.3 Rýmingaráætlun	30
8.4 Viðbrögð við vá, svo sem veikindafaraldri, eldgosi, jarðskjálftum	30
9. Samskipti og skólabragur.....	30
9.1 Samskipti starfsfólks, nemenda og foreldra	31
9.2 Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun	31
9.3 Samstarf við aðra skóla	31
9.4 Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska.....	31
9.5 Skólareglur	31
9.6 Flutningur milli skólastiga	32
10. Stoð- og sérfræðipjónusta	32
Nemendaverndarráð	32
Sérkennsla og nemendur með sérþarfir	32
Skólahjúkrun	33
Iðjuþjálfun / þroskaþjálfun	33
11. Yfirstjórn skólans.....	33
11.1 Stjórnun	34
11.2 Skipurit.....	34
11.3 Skóla- og foreldraráð.....	34



11.4 Foreldrafélag	35
11.5 Nemendaráð	35
12. Árganganámskrá leik- og grunnskólastigs	35



1 Inngangur

Skólanámskrá Árskógarskóla er ein af grunnstoðum skólans. Hún er unnin samkvæmt lögum um grunnskóla og birtist endurskoðuð á heimasíðu skólans ár hvert. Í Árskógarskóla starfar samheldinn og faglegur starfsmannahópur, samstarf við foreldra og nærsamfélag er gott og ljóst að eitt af markmiðum skólans er að vera áfram hornsteinninn í samfélaginu á Árskógsströnd. Skólaþróun, innleiðing fjölbreyttra kennsluhátta og örvandi námsumhverfi er stór hluti af faglegu starfi skólans. Áfram verður unnið að því að byggja upp góðan skóla.

Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 65).

Skólanámskráin gerir grein fyrir því hvernig skólinn útfærir nám og kennslu samkvæmt því svigrúmi sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna Dalvíkurbyggðar veita. Námskráin er gefin út árlega og endurskoðuð í júní-ágúst og þar koma fram helstu upplýsingar um skólann, áherslur og markmið með skólastarfinu, skipulag og helstu verkefni skólaársins, fyrirkomulag kennslu, venjur og siðir í skólanum o.s.frv. Í Árskógarskóla er starfsáætlunin hluti af skólanámskrá.

Skólanámskrá er unnin af starfsfólki skólans. Hún er endurskoðuð ár hvert og lögð fyrir skólaráð til umsagnar. Ákvæði um skólanámskrá er í leik- og grunnskólalögum og aðalnámskrám leik- og grunnskóla. Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans en einnig er hægt að fá hana útprintaða ef þess er óskað.

Með ósk um gott samstarf og uppbyggjandi skólastarf á 14. starfsári Árskógarskóla. Friðrik Arnarson, skólastjóri og Helga Lind Sigmundsdóttir, deildarstjóri og staðgengill skólastjóra.

1.1 Saga skólans

Á fyrstu áratugum aldarinnar var skólinn á Árskógssandi í húsi sem norskir síldveiðimenn höfðu reist þar og gekk undir nafninu *Norska húsið*. Þar var kennt í stórum sal sem jafnvel þótti of stór því erfitt var að kynda hann upp.

Gamla skólahúsið, Árskógur, var byggt á árunum 1937 - 1942 og þjónaði hann bæði sem skóli og félagsheimili sveitarinnar upp frá því. Fyrst var þar kennt 26. október 1938. Sérstakt skólahús fyrir Árskógarskóla var byggt á árunum 1966 - 1967 og var í upphafi heimavist og kennaraíbúð á efri hæð en tvær kennslustofur niðri. Sumarið 1998 reis 220 fermetra viðbygging við skólann og var hún tekin í notkun í febrúar 1999.

1971 var byggður skólastjórabústaður norðan skólans. Hann hýsti leikskóla sveitarinnar, Leikbæ frá árinu 1990, þar til hann og grunnskólinn sameinuðust í ágúst 2012.

Árið 1976 var gerð sundlaug vestan félagsheimilisins og útbúnir búningsklefar í kjallaranum. Sundlaugin var aflögð haustið 2020.

Á árunum 1992-1994 voru gerðar miklar endurbætur og breytingar á félagsheimilinu. Þá var það fært til núverandi horfs, meðal annars með byggingu anddyris, og stækkun á sal.

Leikskólinn Leikbær var stofnaður 19. september 1985 og var fyrst til húsa í kennaraíbúðinni í Árskógarskóla (sem var vinnuaðstaða kennara grunnskólans til ársins 2012). Þann 13. júní 1990 flutti leikskólinn í skólastjórabústaðinn. Árið 2003 var húsnaðinu breytt þannig að það hentaði betur starfseminni.



Í apríl 2012 hófust framkvæmdir við eldri hluta (syðri hluta) grunnskólans þar sem byggt var 50 fermetra anddyri fyrir leikskólabörn og sett upp lyfta og inngangur fyrir starfsfólk. Innviðir gamla hlutans voru endurnýjaðir með þarfir nýs samþætts leik- og grunnskóla í huga. Vinnuaðstaða og kaffistofa starfsmanna var færð niður og svæði barna á efri hæð. Framkvæmdum lauk haustið 2012 er nýr Árskógaraskóli tók til starfa, samþættur leik- og grunnskóli til og með 7. bekkjar grunnskóla.

1.2 Hlutverk

Skólinn starfar samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla nr. 90/91/2008 og Aðalnámskrám leik- og grunnskóla 2011. Menntamálaráðuneytið gefur út aðalnámskrár sem eru mótandi fyrir uppeldis- og menntunarhlutverk skóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þjónar börnum á leikskólaaldri að ósk foreldra/forráðamanna þeirra. Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri, sbr. 32. gr. grunnskólalaga. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla.

Í leikskólum skal velferð og hagrur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta (2. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008).

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun (2. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).

1.3 Framtíðarsýn

Skólinn verði ávallt athvarf barna, foreldra þeirra og annarra sem vilja leggja skólasamfélaginu lið. Skólinn skuli alltaf vera framsækinn með börn á leik- og grunnskólaaldri sem upplifa sig sem hóp þar sem hver og einn nýtur sín á eigin forsendum í leik og starfi. Starfsmannahópurinn verði samheldinn, faglegur, traustur og í stöðugri þróun í þeirri viðleitni að efla starf sitt með uppeldi og menntun barna í öndvegi.

2 Stefna Árskógaraskóla

Árskógaraskóli vinnur eftir lögum um grunnskóla frá 2008, Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013 og menntastefnu Dalvíkurbyggðar.

Einkunnarorð skólans eru: Gleði – virðing – þrautseigja.

Árskógaraskóli er fyrir börn frá 12 mánaða aldri til 6. bekkjar grunnskóla og er athvarf nemenda, starfsfólks, foreldra og annarra sem vilja leggja skólasamfélaginu lið. Framsækinn skóli á leik- og grunnskólastigi þar sem hver og einn fær tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum í leik, námi og starfi.

Skólinn er undirbúningur barns til frekara náms og þroska og til að takast á við lífið í þeim síbreytilega heimi sem við búum við í dag. Að gefa hverju barni tækifæri til að þroskast og leika sér af sjálfsdáðum, finna til forvitni, ímyndunar, ánægjulegrar reynslu og samkenndar. Það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska hvers barns. Stefna skólans er að koma til móts við þarfir allra nemenda og allir nemendur fái nám við hæfi. Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum. Stefnan endurspeglast í einkunnarorðum skólans sem eru gleði – virðing – þrautseigja.

- [Menntastefna Dalvíkurbyggðar](#)



2.1 Jákvæður skólabragur, markmið og áherslur Árskógarskóla

Einkunnarorð skólans eru: Gleði, virðing og þrautseigja.

Í Árskógarskóla er stuðlað að jákvæðum skólabrag þar sem starfsmenn og nemendur vinna með einkunnarorð skólans að leiðarljósi. **Gleði:** Við búum til jákvætt námsumhverfi þar sem nemendur upplifa öryggi, forvitni og árangur. Við hrósum markvisst, fögnum framförum og gerum árangur hvers nemanda sýnilegan. Við nýtum fjölbreyttar kennsluaðferðir, hreyfingu og skapandi verkefni til að auka áhuga og ánægju í námi. Við ræðum styrkleika nemenda og leyfum þeim að hafa rödd og val í námi. **Virðing:** Við sýnum kurteisi og hlustum af athygli á sjónarmið nemenda, foreldra og samstarfsfólks. Við kennum og æfum samskiptafærni, ágreiningslausnir og jákvæða orðræðu í daglegu starfi. Við tryggjum að allir fái að tilheyra; mætum fjölbreyttum þörfum og aðlögunum kennslu eftir getu og aðstæðum. Við virðum reglur skólans, umgöngumst eigur, rými og umhverfi af ábyrgð. **Þrautseigja:** Við setjum skýr, raunhæf markmið og fylgjumst með framförum með reglulegri endurgjöf. Við kennum að takast á við áskoranir með seiglu: prófum, reynum aftur og lærum af mistökum. Við bútum verkefni niður í viðráðanleg skref og fögnum litlum sigrum á leiðinni. Við styrkjum sjálfstjórn og vinnuvenjur: skipulag, einbeitingu, tímastjórnun og úthald.

2.2 Grunnþættir menntunar

Í sameiginlegum inngangskafla [aðalnámskrár](#) eru skilgreindir grunnþættir í íslenskri menntun. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það (Aðalnámskrár leik-, grunn og framhaldsskóla, 2011).

Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því að samfélagið fái vel menntað og heilbrigt fólk, bæði til að taka þátt í samfélagsbreytingum til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfelli í öllu skólastarfi. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám (Aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla, 2011).

Grunnþættirnir fléttast inn í allt skólastarf

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Námsgreinið geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig. Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og fyrirmæli hennar um allt skólastarfið:

- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.



- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.

Aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru grunnur að heildstæðri námskrárgerð í skólakerfinu. Skipulag hvers dags, viku, mánaðar og starfsárs skóla þarf að endurspegla þá heildarsýn sem grunnþættirnir móta. Nauðsynlegt er að nálgast viðfangsefnin á heildstæðan hátt af faglegri víðsýni og eftir atvikum samfaglega. Það getur kallað á óhefðbundna kennsluhætti og nýstárlega nálgun í skólastarfi (Aðalnámskrár leik,- grunn- og framhaldsskóla, 2011).

Læsi

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

Í Árskógarskóla fléttist læsi í allt nám og allan leik, meðal annars með:

- Aðferðum Leikskóla- og Byrjendalæsis.
- Útikennslu þar sem lögð er áhersla á að kenna börnum að vera læs á umhverfi sitt, lesa í náttúruna, til dæmis árstíðir og veðurfar.
- Uppbyggingaraðferðum þar sem við kennum börnum læsi á eigin líðan og tilfinningar annarra til að efla góð samskipti.
- Áherslu á góð samskipti og samvinnu og að vera læs á líðan og tilfinningar annarra (samskiptalæsi).
- Áherslu á læsi auglýsinga hjá eldri nemendum, að þeir læri að horfa með gagnrýnum augum, átti sig á tilgangi, merkingu og meiningu þeirra (fjölmiðlalæsi).
- Áherslu á ritunarpáttinn þar sem ritun og lestur eru órjúfanlegir þættir. Ritað mál er sýnilegt í umhverfinu.
- Upplýsingatæknikennslu.
- Góðu aðgengi bóka og að bóklestur sé hluti af daglegu starfi.
- Tónlistarlæsi, nemendur hlusta á fjölbreytta tónlist og læra að túlka hana, kynnast hljóðfærum.
- Myndlæsi, nemendur túlka myndirnar sínar og annarra og kynnast ólíkum efnivið til sköpunar.
- Stærðfræðilæsi, tölur og talnaskilningur.

Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Hér er einnig stuðst við þá skilgreiningu að sjálfbærni sé jafnvægisástand og sjálfbær þróun sé breytingarferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi, eða minni einingu, og færa það til sjálfbærni. Munur á hefðbundinni skilgreiningu og skilgreiningunni sem hér er notuð er fremur áherslumunur en merkingarmunur. Þessi áherslumunur hefur þó þá þýðingu í skólastarfi að leggja má áherslu á að margt smátt



gerir eitt stórt. Ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri (Aðalnámskrár leik-, grunn og framhaldsskóla, 2011).

Í Árskógarskóla er unnið að sjálfbærni á ýmsan hátt, meðal annars með:

- Verkefni þar sem unnið er með félagslega færni í anda Uppbyggingarstefnunnar.
- Grænfanaverkefnum svo sem flokkun, endurvinnslu, umhverfisvitund og umhverfissáttmála, orku- og vatnssparnaði.
- Gróðursetningu trjáa með styrk Yrkjusjóðs.
- Uppskeru rabbarbara og nýtingu hans í sultu fyrir skólann.
- Kartöflu- og grænmetisræktun og tengsl hennar við stærðfræðiverkefni.
- Nýtingu lífræns úrgangs sem fer í fóður á bæ í sveitinni.
- Útikennslu þar sem meðal annars er unnið í náttúrufræði og umhverfismennt.
- Ruslatínslu.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra (Aðalnámskrár leik-, grunn og framhaldsskóla, 2011).

Í Árskógarskóla er meðal annars stuðlað að heilbrigði og velferð með:

- Góðu mótuneyti (fyrir leik- og grunnskólanemendur) með áherslu á fjölbreytta og holla fæðu.
- Hafragraut alla morgna nemendum að kostnaðarlausu.
- Mögulegri mjólkur- og ávaxtaáskrift grunnskólabarna.
- Skýrum reglum um hollt nesti nemenda.
- Áherslu á vatnsdrykkju.
- Tónlistarkennslu.
- Íþrótt- og sundkennslu.
- Útiveru, útikennslu og hreyfingu í hreinu lofti.
- Uppbyggingarstefnunni sem á að auka andlega og félagslega vellíðan og efla góð samskipti.
- Fræðslu, ráðgjöf og eftirliti skólahjúkrunarfræðings og námsráðgjafa.
- Gæðastundum þar sem allur skólinn kemur saman.
- Samvinnu skólastiganna og yfirsýn um nám og þroska nemenda allan skólaferilinn.
- Verkum nemenda sem eru sýnileg og virt til þess að auka og efla sjálfsmynd þeirra.
- Umhyggju og virðingu.
- Samvinnu við foreldra í ýmsum verkefnum svo sem jólaföndri, árshátíð, vorhátíð og aðkomu að vettvangsferðum og ýmissi fræðslu.



Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

Í Árskógaraskóla er meðal annars unnið að lýðræði og mannréttindum með:

- Virku nemendaráði.
- Góðu aðgengi foreldra og nærsamfélags að stjórnendum fyrir ábendingar.
- Skólalþingi nemenda þar sem ólík sjónarmið koma fram.
- Vikulegum fundum með nemendum þar sem lögð er áhersla á virka hlustun, virðingu og skilning.
- Vikulegum lífsleiknitímum á grunnskólastigi.
- Vali nemenda, t.d. um féлага, leikföng eða námsefni.
- Uppbyggingarstefnunni og uppbyggingaráætlun til að læra af mistökum.
- Samræðum og samvinnu við foreldra við mótun skólans.
- Áætlun sem auðveldar erlendum nemendum og fjölskyldum þeirra að koma í nýjar aðstæður og menningarheim (túlkaþjónusta, myndrænn stuðningur ofl.).
- Innleiðingu fjölmenningsstefnu.

Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).

Í Árskógaraskóla vinnum við meðal annars að jafnrétti með:

- Sömu tækifærum allra barna til leikefnis.
- Því að kalla eftir ólíkum sjónarmiðum.
- Aldursblöndun og samkennslu.
- Fjölbreyttu námsumhverfi innan sem utan skóla.



- Einstaklingsmiðuðu námi og námsefni við hæfi hvers og eins.
- Skóla án aðgreiningar.
- Fræðslu um ólíka trúar- og menningarheima.
- Kynjaumræðu.

Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær.“ Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir (Aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla, 2011).

Í Árskógarskóla birtist sköpun meðal annars á þennan hátt:

- Mikið er lagt upp úr sjálfsprottnum leik þar sem ímyndunarafl og flæði fá að njóta sín.
- Unnið er með fjölbreyttan og ólíkan efnivið.
- Í listasmiðju ræður sköpunargleði ríkjum.
- Í útikennslu er efniviður náttúrunnar nýttur til sköpunar.
- Í gegnum tónlist, söng og hljóðfæri.
- Með samþættingu námsgreina.
- Með vettvangsferðum á söfn og sýningar.
- Með gæðastundum þar sem nemendur sýna t.d. leikrit, lesa eigin ljóð og syngja.
- Með undirbúningi árshátíðar þegar vinna þarf leikmynd og gera leikrit.
- Með textílmennt, smíðakennslu, myndmennt, heimilisfræði og upplýsingatæknimennt.
- Með Byrjendalæsi.

2.3 Uppeldis- og kennslufræðileg hugmyndafræði

Í skóla sem sífellt er í mótn er pláss fyrir ný gildi, nýja hugsun og sjónarhorn sem með tímanum móta þá uppeldis- og kennslufræðilegu hugmyndir sem kennarar starfa eftir. Margar kenningar eru góðar og í raun er oft verið að vinna eftir mörgum hugmyndum í bland en markmiðin með skólastarfinu eru skýr þó leiðirnar séu margar og hugmyndafræðin á bak við fjölbreytt. Hugmyndafræði og áherslur eru meðal annars þessar:

Börnum er ekki kennt að vera hluti af samfélagi heldur eru þau strax við fæðingu hluti af því og læra það sem fyrir þeim er haft. Þau meðtaka það sem þau sjá og heyra hjá þeim sem eldri eru eða reyndari og af jafningjum og læra að setja hluti í samhengi út frá ótal sjónarhornum. Börnin byrja á því að hlusta og sjá en fljótlega fara þau að vera virkir þátttakendur með eigin röddu og þá skoðunum (Rinaldi, 2006, bls. 66-67). Þessi orð eru inntak hugmyndafræði Árskógarskóla og allir sem þar starfa vinna saman að því að rækta þá rödd á lýðræðislegan hátt.

Meðal áhrifavalda kennara skólans eru Vygotsky og Dewey. John Dewey taldi börn vera virk og forvitin að eðlisfari og að þau læri af eigin reynslu og virkni. Hann taldi að reynsla



barnsins væri það sem skipti raunverulegu máli en að þekking skipti minna máli. Betra væri að barn segði: *ég hef prófað og reynt* frekar en *ég veit*. Líklega er gott að ná hvoru tveggja. Þessu tengt er hugtakið *hugsmiðahyggja* en það er eitt þeirra hugtaka sem kennarar vinna með og gengur út á að fá nemendur til að nýta eigin reynsluheim og þekkingu við að finna lausnir á verkefnum sem þeir takast á við og nota við það gagnrýna hugsun (fer eftir þroska/aldrí), upplýsingaleit og úrvinnslu sem leiðir til nýrrar þekkingar. Til þess að örva þennan reynsluheim þarf leik- og námsumhverfi að vera frjótt og ögrandi bæði úti og inni og telur Dewey að þekking og reynsla verði til þegar börn kynnast umhverfinu, gera tilraunir og vinna saman (Macdonald, 2000, bls. 60-62).

Vygotsky taldi að félagsleg samskipti hefðu bein áhrif á þroska einstaklinga. Samskipti við getumeiri jafnaldrar eða fullorðinn einstakling hjálpa börnum að hugsa upp fyrir þroskastig sitt og öðlast þannig meiri þroska (Odom o.fl., 1992, bls. 20). Þá skapast oft það sem hann nefndi *svæði hins mögulega þroska*, þar sem börn fá verkefni sem er oft erfitt fyrir þau að vinna ein og sér en þau geta lokið með leiðsögn og stuðningi. Þegar börnin geta leyst verkefnið ein hefur svæði hins mögulega þroska stækkað og hægt er að leggja fyrir meira krefjandi verkefni (Wertsch og Tulviste, 1996, bls.56).

Í Árskógarskóla er námsumhverfi innandyrna bæði í skólahúsi og félagsheimili og nánasta umhverfi skólans markvisst nýtt til að börnin fái að upplifa með öllum skilningarvitum. Þau rannsaka, gera tilraunir og starfa saman sem hópur eða vinna ein. Starfsfólk er til staðar til að spyrja opinna spurninga og ýta undir forvitni barnanna. Börnin fá að prófa sig áfram, sýna og kenna öðrum börnum hvað þau hafa lært.

2.3.1 Menntastefna Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurbyggð hefur markað sér metnaðarfulla [menntastefnu](#) sem skólinn starfar eftir. Menntastefnan var samþykkt í sveitarstjórn sumarið 2021. Innleiðing skólastefnunnar verður unnin á næstu árum í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

2.3.2 Uppbyggingarstefnan

Veturinn 2008-2009 var ákveðið að innleiða sameiginlega uppeldisstefnu í öllum skólum sveitarfélagsins og varð Uppbyggingarstefnan fyrir valinu. Félagsmiðstöðin, starfsfólk sundlaugarinnar og starfsfólk frístundaheimilisins taka þátt í verkefninu. Fræðsla og kynning fyrir starfsfólk hófst veturinn 2009-2010 og eru reglulega haldnar kynningar og námskeið fyrir starfsfólk til að viðhalda þekkingunni.

Uppbyggingarstefnan gengur út á það að kenna sjálfsaga, sjálfsstjórn og uppbyggileg samskipti og að finna leiðir til lausna í ágreiningsmálum. Áhersla er lögð á hvernig einstaklingar við viljum vera, hvaða þarfir liggja að baki hegðun okkar og hvaða hlutverki við gegnum.

Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnuþöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Markmið:

- að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfsstjórn.
- að börnin átti sig á eigin þörfum.
- að börnin geti tjáð tilfinningar sínar.



- að börnin læri sjálfstjórn og að þau læri af eigin mistökum.

Leiðir:

- að spyrja spurninga, t.d. hvert er hlutverk þitt og hvernig viltu vera?
- að starfsfólk sé góð fyrirmynd.
- með uppbyggilegum og jákvæðum samskiptum.

Nemendur læra:

- að setja sér markmið, gera uppbyggingaráætlanir, stunda sjálfsskoðun.
- að rækta og efla sinn innri áhuga.
- að bera ábyrgð á eigin námi.
- að læra leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun.
- aðferðir við lausn ágreiningsefna.
- að sinna þörfum sínum af ábyrgð gagnvart sjálfum sér.
- að mynda tengsl við aðra.
- að bera ábyrgð á eigin mistökum, leiðrétta þau og bæta fyrir þau.
- að verða þeir sjálfir - þær manneskjur sem þeir vilja vera.
- að gera bekkjarsáttmála.

Með því að styðjast við vinnuaðferðir Uppbyggingarstefnunnar í Árskógarskóla á nemandi sem stígur feilsþor að geta snúið aftur í hópinn reynslunni ríkari og honum gert kleift að bæta fyrir mistök sín.

2.4 Skóli án aðgreiningar

Í Árskógarskóla er lögð áhersla á að vinna í anda stefnunnar um skóla án aðgreiningar. Í 17. grein laga um grunnskóla frá árinu 2008 kemur fram að allir nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar. Þessu er fylgt eftir í aðalnámskrá grunnskóla með stefnunni um skóla án aðgreiningar þar sem gengið er út frá því að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings. Stefnan skóli án aðgreiningar gerir ráð fyrir að allir nemendur á grunnskólaaldri hafi rétt til að vinna að námsmarkmiðum sínum sem virkir þátttakendur í námsumhverfi sem heimaskólar skapa nemendum sínum. Jafnframt eiga nemendur að hafa lýðræðislegan rétt til að koma með óskir og hafa áhrif á það hvernig stuðningi við þá er háttað.

Það er fjölbreyttur og samhentur starfshópur í Árskógarskóla sem leggur sig fram við að byggja upp námsumhverfi skólans þannig að allir nemendur séu þátttakendur þar sem fjölbreytileiki er eðlilegur og eftirsóknarverður. Lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir, taki ábyrgð á námi sínu, nálgist viðfangsefni í gegnum áhugasvið sín og hafi tækifæri til að hafa áhrif á kennsluhætti og námsumhverfi. Nemendur vinna eftir einstaklingsmiðuðum nám- og stundaskrá eftir þörfum en hafa kost á því að takast á við verkefni með jafnöldrum í gegnum fjölbreytta kennsluhætti í öllum fögum skólans.

2.5 Umhverfisstefna

Fátt er okkur á jörðinni mikilvægt á dag en að vera meðvituð um umhverfi okkar og að hver og einn finni til ábyrgðar til þess að ganga vel um auðlindir okkar. Árskógarskóli hefur sett sér markmið í umhverfismálum og gert sáttmála í anda Grænfána til þess að vinna að þeim markmiðum. Stefna skólans er að leita stöðugt leiða til þess að þróa og bæta leiðir í



umhverfismálum og virkja nemendur, starfsfólk og foreldra, auk aðila nærsamfélags til þess að vinna að þeim markmiðum sem að er stefnt.

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á *græna grein* í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö sem má fræðast ítarlega um á heimasíðu [Landverndar](#). Þegar því marki er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö ár. Sú viðurkenning fæst endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi sem snýst um að setja ný markmið, vinna eftir þeim og viðhalda ávallt umhverfismennt í skólanum. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin eru bæði til kennslu í bekk og til að bæta daglegan rekstur skóla. Þau auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri (Landvernd, 2013).

Árskógaraskóli fékk frá stofnun í ágúst 2012 að flagga Grænfána vegna þess að börn og starfsfólk á Leikbæ náðu þeim áfanga vorið 2012. Töldu fulltrúar verkefnisins á landsvísi að fáninn ætti að fylgja börnunum í nýjan skóla þar sem ný markmið yrðu sett og starfið endurmetið eftir tvö ár. Árskógaraskóli flaggaði Grænfána í annað sinn vorið 2014 og vorið 2016 fengum við viðurkenningu fyrir okkar framlag til umhverfismála. Við flögguðum Grænfána 2018, 2020 og 2022 og flögguðum við fánanum í sjöunda skiptið í janúar 2025.

Verkefninu er ætlað að auka umhverfismennt, stuðla að góðri umgengni, sjálfbærri nýtingu auðlinda og vinna gegn mengun og umhverfisspjöllum. Kennt er að vernda umhverfi og náttúru og að bera virðingu fyrir henni.

Í Árskógaraskóla eru allir nemendur og starfsfólk í umhverfisnefnd. Hlutverk nefndarinnar er að setja markmið, vinna að þeim og meta árangur. Nefndin hefur gert tvo **umhverfissáttmála** sem skólinn starfar eftir, einn sem þykir langur en góð áminning og upprifjun og hinn sem er krossglíma og þykir einfaldari og auðveldari að muna:

Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar og verndum náttúruna og allt líf sem í henni býr. Við lærum á náttúruna í okkar nánasta umhverfi og njótum þess að vera hluti af henni. Við göngum vel um, verndum og hvetjum aðra til þess að gera slíkt hið sama. Við temjum okkur hófsemi og gætum þess að allt sem frá okkur fellur sem sorp sé endurnýtt eins og kostur er en hafi að öðru leyti sem minnst skaðleg áhrif. Við leggjum okkur fram við að skilja vel við náttúruna svo næstu kynslóðir geti notið þess að umgangast hana.

Leiðir til að uppfylla sáttmálann eru m.a. þessar:

- Við flokkum rusl.
- Við endurvinnum og endurnýtum.
- Við drögum úr notkun rafmagns.
- Við látum ekki vatn renna að óþörfu.
- Við gætum að hitastillingum á ofnum.
- Við hvetjum til að drepið sé á kyrrstæðum bílum.
- Við nýtum nánasta umhverfi til vettvangsferða.
- Við virðum gróðurinn í umhverfi okkar.



- Við ræktum grænmeti og matjurtir.
- Við lögum til í umhverfi okkar með skipulegri ruslahreinsun.
- Við gerum nemendum og starfsfólki kleift að koma hugmyndum um umhverfismál á framfæri, t.d. með hugmyndakassa um umhverfisverkefni.
- Við plöntum trjám, m.a. í samstarfi við Yrkjúsjóð.
- Við upplýsum nemendur um náttúru og söguminjar í nágrenni skólans.

Markmið með sáttmálanum:

- Að auka umhverfisvitund barnanna.
- Að börnin verði fær um að takast á við umhverfismál.
- Að börn læri að sjá möguleika í endurnýtanlegum efniviði og nota hann á fjölbreytilegan hátt.
- Að börnin læri að flokka endurnýtanleg efni þannig að það verði þeim eðlilegt.
- Að börnin læri að nýta efni úr náttúrunni og í sátt við hana.
- Að börnin læri mikilvægi þess að nýta endurvinnanleg efni sem best.
- Að börnin læri mikilvægi þess að skila umhverfinu til afkomenda í ekki lakara ástandi en við tókum við því.

G

h r e y s t i

s j á l f b æ r n i

e n d u r n ý t i n g

j a f n r é t t i

n á t t ú r a

v i r ð i n g

v i s t s p o r

2.6 Útikennsla/útiskóli

Eitt af markmiðum Árskógarskóla er að vera útiskóli sem leitar sífellt leiða til að færa nám, leik og kennslu út í náttúruna og temja sér þannig útikennslu. Það merkir að hluti kennslunnar er fluttur út í nánasta umhverfi skólans og reglulega eru unnin verkefni utan veggja hans. Útikennsla gefur börnum tækifæri til að nota öll skilningarvit sín og fá persónulega og beina reynslu af raunveruleikanum. Útikennsla þýðir samþætting kennslu þar sem athafnir úti og inni eru í meira samhengi en eingöngu í kennslustofunni. Börn læra um raunveruleikann í raunveruleikanum, þ.e. um náttúruna í náttúrunni, um samfélagið í samfélaginu og um sitt nánasta umhverfi í sínu nánasta umhverfi. Úti lærum við íslensku, til dæmis að þekkja sérnöfn og samnöfn, önnur tungumál, stærðfræði, s.s. mælingar og aðrar námsgreinar allt eftir viðfangsefni hverju sinni. Útiskóli er einu sinni í viku á stundaskrá nemenda á grunnskólastigi en vissulega er oftast unnið að verkefnum utan kennslustofu.



Útivera (leikur, frímínútur, útikennsla, vettvangsferðir og fleira) er hluti af skóladegi allra nemenda skólans enda er hún holl og eykur jafnan vellíðan nemenda, jafnt andlega sem líkamlega, og umhverfi skólans er sérstaklega vistvænt og uppörvandi. Jafnframt hafa rannsóknir sýnt fram á tengsl reglulegrar útikennslu og bættrar hreyfifærni. Hreyfing eykur félagslega færni, eflir sjálfsöryggi og trú á eigin getu (Fjörtoft, 2001, bls. 111-117). Jákvæð reynsla af hreyfingu á unga aldri eykur líkurnar á að fólk temji sér lífshætti sem fela í sér hreyfingu síðar á ævinni (Gígja Gunnarsdóttir o.fl., 2008, bls. 9).

Markmið:

- Að njóta útivistar og fjölbreytileika náttúrunnar.
- Að börnin upplifi fjölbreytileika íslenskrar veðráttu.
- Að börn öðlist aukinn styrk, þol og þor.
- Að auka andlega og líkamlega heilsu.
- Að efla þekkingu á nánasta umhverfi, náttúru og vísindum.

Leiðir:

- Með rannsóknum.
- Með samræðum, lestri og tónlist.
- Með sköpun.
- Með upplifunum og beinni reynslu.
- Með ferðum í náttúrunni.

2.7 Eineltisáætlun

Einelti er þegar einstaklingur verður endurtekið á ákveðnu tímabili fyrir aðkasti frá einum eða fleiri aðilum.

Einelti og annað ofbeldi er ekki liðið í Árskógaraskóla. Markmið skólans er að halda uppi öflugu forvarnarstarfi, til dæmis með aðferðum Uppbyggingarstefnunnar og hafa skilvirka áætlun um samræmd viðbrögð við einelti. Með því að styrkja samvinnu milli nemenda annars vegar og milli nemenda og starfsfólks hins vegar minnkum við líkurnar á einelti. Í okkar skóla koma allir öllum við og því gerum við athugasemdir við óásættanlega hegðun. Ef grunur vaknar um einelti skal þessu ferli fylgt: [eineltisáætlun](#). Nemendaverndarráð gegnir hlutverki eineltisteymis skólans og í því sitja skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur, fulltrúi fræðsluviðs og fulltrúi frá félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar, auk viðkomandi umsjónarkennara/hópstjóra þegar fundað er um eineltismál.

Hlutverk teymisins er að fara með eineltismál sem upp koma í þar til gert ferli. Eineltisteymið ber einnig ábyrgð á því að fræðsla um einelti og forvarnir gegn því sé viðhöfð í skólanum og skólasamfélaginu sem og að skráningum og eftirfylgni sé haldið til haga. Eineltisteymið skilgreinir hlutverk sitt, starfsfólks, nemenda og foreldra í vinnu gegn einelti á hverjum tíma. Skólastjóri er leiðtogi teymisins og boðar fundi þess. [Hér](#) má nálgast upplýsingar um eineltisteymi skólans.

2.8 Forvarnarstefna

Ýmiskonar forvarnir eru mikilvægar í skólastarfi sem annars staðar og allt starf skólans miðar að því að kenna nemendum muninn á réttu og röngu. Eins eru þeim kenndar aðferðir sem



gagnast þeim vel, bent á leiðir sem almennt er talið að séu þeim hollar og uppbyggilegar. Skólinn starfar samkvæmt forvarnarstefnu Dalvíkurbyggðar sem er að finna [hér](#).

2.9 Jafnréttistefna

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í fjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Veturinn 2013-2014 var mótuð jafnréttisstefna [sem má lesa hér](#).

3 Hagnýtar upplýsingar

3.1 Árskógarskóli 2025-2026

Heimilisfang: Árskógarskóli, Árskógi, 621 Dalvíkurbyggð

Sími: 460-4970, 460-4971, 460-4973. **Netfang:** arskogarskoli@dalvikurbyggd.is

Heimasíða: <http://dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Facebooksíða: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Skólastjóri: Friðrik Arnarson fridrik@dalvikurbyggd.is

Deildarstjóri/staðgengill skólastjóra: Helga Lind Sigmundsdóttir
helga.lind@dalvikurbyggd.is

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá kl. 7:45 til kl.16.

3.2 Forföll og leyfi

Forföll nemenda þarf að tilkynna strax að morgni. Þetta geta foreldrar gert með því að hringja í skólann. Hringt er heim til nemenda ef forföll eru ekki tilkynnt.

Umsjónarkennari getur veitt leyfi í tvo daga en ef óskað er eftir lengra leyfi þurfa foreldrar að hafa samband við deildarstjóra.

Foreldrar barna á leikskólaaldri hafa samband við stjórnendur ef barn fer í leyfi umfram þau er koma fram á skóladagatali. Þetta er gert til hagræðingar og öryggis um vitneskju og velferð barnsins.

3.2.1 Mentor og Karellen

Árskógarskóli notar tvö mismunandi kerfi, mismunandi eftir skólastigum til að halda utan um ýmsar upplýsingar sem varða nemandann. Á leikskólastigi er það Karellen og á grunnskólastigi Mentor. Bæði kerfin bjóða upp á app fyrir foreldra til þess að auðvelda aðgang þeirra að upplýsingum í símunum sínum. Í Karellen geta foreldrar meðal annars fylgst með mætingu, næringu og svefni barns ásamt því að kerfið heldur utan um allar myndir sem teknar eru af barninu. Mentor heldur utan um hæfniviðmið, námslotur, ástundun, og vitnisburð. Foreldrar og nemendur geta fylgst vel með framvindu náms, fengið upplýsingar um heimanám og fleira. Samskipti skóla og foreldra, og á milli starfsmanna skóla eru auðveld og skilvirk í kerfinu. Foreldrar og nemendur fá sent lykilorð til að skrá sig inn á vefinn sem er auðveldur í notkun með góðum leiðbeiningum.



3.2.2 Óveður og ófærð

Þegar veðrið er vont getur talist álitamál hvenær hægt er að ætla nemendum að sækja skóla, foreldrum og skólabíl að komast leiðar sinnar. Sé skóla á annað borð ekki aflýst með auglýsingu á heimasíðu skólans og sms-skilaboðum verður mat foreldra að ráða því hvenær nemendur eru hafðir heima. Slíkt skal tilkynna í skólann eins fljótt og kostur er. [Áætlun vegna óveðurs.](#)

3.3 Húsnæðið

Starfsemi skólans er í tveimur húsum, Árskógarskóla og félagsheimili/íþróttahúsi á sömu lóð. Tveir inngangar eru að skólanum, nyrðri inngangur þar sem börn á grunnskólaaldri koma og fara og syðri inngangur þar sem starfsfólk og börn og foreldrar á leikskólaaldri koma og fara. Í Árskógarskóla fer fram leikur og kennsla í endurgerðu húsnæði sem hentar starfsemi skólans afar vel. Í félagsheimili fer fram íþróttakennsla og einnig kennsla textílmenntar. Þar er matsalur þar sem elstu börn leikskóla- og grunnskólastigs borða. Sundkennsla og smíðakennsla fer fram á Dalvík.

3.4 Bókasafn og tölvukostur

Skólinn er í góðu samstarfi við bókasöfn Dalvíkurbyggðar og fær reglulega bókakassa fulla af allskyns bókum fyrir breiðan aldurshóp. Bókasafnið nýtist sem tölvuver og er þar að finna bækur fyrir allan aldur, fræði- og afþreyingarbækur, blöð og tímarit, spil, púsl og kubba svo sem eininga- og kaplakubba. Tvær færanlegar bókahirslur eru í skólanum en auk þess eru handbækur og faglegur bókakostur á vinnusvæði starfsmanna.

12 borðtölvur eru á bókasafni fyrir nemendur og prentari. Þar er einnig borðtölva fyrir kennara sem er tengd við flatskjá á veggnum. Fartölvur og spjaldtölvur eru nýttar sem námsgögn fyrir nemendur. Nemendur hafa aðgang að bókasafni og tölvum alla daga undir eftirliti starfsmanna.

3.5 Mötuneyti og nesti

Foreldrar barna á leikskólaaldri kaupa fullt fæði í skólanum. Fyrir börn á grunnskólaaldri er hægt að vera í mjólkur- og/eða ávaxtaáskrift auk hádegisverðar sem er gjaldfrjáls. Einnig býðst nemendum á grunnskólastigi að borða hafragraut að morgni áður en kennsla hefst, endurgjaldslaust. Hádegisverðurinn kemur frá Blágrýti ehf. en aðrar máltíðir sér starfsfólk skólans um. Ef nemendur eru með matarofnæmi og þurfa vegna þessa sérfaði þarf að skila læknisvottorði til deildarstjóra á hverju hausti.

Skólinn hefur sett sér viðmið um skólanesti:

Í Árskógarskóla er alltaf vatn í boði auk mjólkuráskriftar. Aðrir drykkir eru ekki leyfilegir í skólanum sem nesti. Fyrir þá sem vilja viðbót eða eru ekki í ávaxtaáskrift er nauðsynlegt að nemendur hafi með sér hollt og gott nesti í skólann. Dæmi um gott nesti:

- Gróft brauð með góðu áleggi, til dæmis osti, grænmeti, eggjum, kjöti eða fiskmeti
- Ávextir og grænmeti
- Ekki er leyfilegt að koma með sætabrauð, snakk og þess háttar

Það er mikilvægt að nemendur sem ekki borða morgunmat í skólanum borði góðan morgunverð áður en þeir koma í skólann. Það stuðlar að vellíðan og eykur hæfni til námsins.



3.6 Skólaakstur

Fyrirtækið Ævar og Bóas ehf. á Dalvík sér um skólaakstur grunnskólastigs.

Skólareglur gilda í rútunni. Akstursáætlun er að finna á heimasíðu undir [Skólaakstur](#).

3.7 Viðfangsefni skólaársins

Áfram verður lögð áhersla á að viðhalda góðum starfsanda og að skapa áfram góðan skólabrag sem einkennist af samvinnu, trausti og umhyggju fyrir hvert öðru. Helstu viðfangsefni vetrarins eru:

- Áfram unnið að innleiðingu nýrrar menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021 – 2026.
- Innleiðing farsældar um samþættingu á þjónustu við börn í samráði við skólaskrifstofu og félagsþjónustu.
- Samstarfssamningur við MSHA (Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri) um skólaþjónustu, áhersla á að efla teymiskennslu og innleiðingu menntastefnu og leiðsagnarnáms.
- Starfssamningur við Heilsu- og sálfræðiþjónustuna, þar sem við getum vísað nemendum í vanda í frekari aðstoð.
- Breyttir kennsluhættir í anda teymiskennslu og leiðsagnarnáms.
- Innleiðing Mentorkerfisins verður haldið áfram með innleiðingu hæfnikorta nemenda þar sem haldið verður áfram að setja kennsluáætlanir og námslotur inn í kerfið.
- Áhersla verður áfram á læsi, lestrarsprettir skipulagðir í öllum bekkjum skólans og heimalestri fylgt eftir af kennurum í öllum bekkjum. Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis hjá yngstu nemendum.
- Kennarar og stjórnendur vinni markvisst að innra mati í samræmi við matsáætlun.
- Unnið verður eftir umbótaáætlun samkvæmt innra matsskýrslu skólans.
- Unnið með Grænánaverkefni samkvæmt áætlun.
- Efla nemendalýðræði og þátttöku nemenda í eigin námi.
- Unnið áfram eftir Uppbyggingarstefnunni.
- Fjölbreyttar kennsluáðferðir, leiðsagnarnám og meiri samþætting námsgreina.
- Sund- og smíðakennsla verður áfram á Dalvík haust og vor.

4 Skóladagatal 2025-2026

[Skóladagatal Árskógarskóla](#)

173 kennsludagar grunnskólanemenda og sjö nemendadagar umfram lögbundinna skertra daga og þeir sem telja sem tveir þar sem stundatafla er brotin upp, alls 180 dagar, rúmast á tímabilinu 22. ágúst-2. júní.

Skertir nemendadagar og tvöfaldir eru nýttir á þennan hátt:

- 28. ágúst: Útivistardagur.
- 29. september: Skipulagsdagur.
- 30. september: Samráðsdagur (viðtöl).
- 2. desember: Jólaföndur (telur sem tveir).
- 19. desember: Litlu jólin.
- 2. janúar: Skipulagsdagur starfsmanna, lokað.
- 29. janúar: Skipulagsdagur.



- 30. janúar: Samráðsdagur (viðtöl).
- 5. febrúar: Útivistardagur.
- 18. febrúar: Öskudagur.
- 24. mars: Árshátíð (telur sem tveir).
- 4. júní: Skipulagsdagur.
- 5. júní: Skólaslit.

Jólafrí nemenda á grunnskólastigi hefst 19. desember og er skólinn opnaður aftur 5. janúar. Leikskólastig er opið til 23. desember. Kötlukot er lokað milli jóla- og nýárs og er opnað aftur 5. janúar.

Vetrarfrí allra nemenda er 20.- 21. október og 19.-20. febrúar.

Foreldrar barna á leikskólaaldri sem geta ekki nýtt sér gjaldfrjálsan leikskóla fá afslátt af leikskólagjöldum vegna lokana milli jóla- og nýárs (tveir dagar) og í vetrarfríum (fjórir dagar) en þessar lokanir eru samræmdar til þess að skapa samfellu í skólastarfið og leggja áherslu á að Árskógarskóli er einn skóli tveggja skólastiga.

Páskafrí grunnskólanemenda er 30. mars til 6. apríl. **Kötlukot** er opið í Dymbilvik 30. mars, 31. mars og 1. apríl fyrir skráða nemendur. Sjá reglur um skráningardaga.

5. Nemendur

Öll börn skólans eru nemendur. Ýmist er talað um börn á leik- eða grunnskólastigi eða leik- og grunnskólanemendur. Mikilvægast er að öll börnin eru börnin okkar þegar þau eru í skólanum.

Námsárangur og lykilhæfni

Einn af áherslupunktum skólastefnu Dalvíkurbyggðar er námsárangur. Skólinn leggur metnað sinn í að skipuleggja nám og kennslu þannig að hver og einn geti á sem farsælastan hátt náð markmiðum sínum samkvæmt Aðalnámskrám leik- og grunnskóla. Skólinn leggur mikla áherslu á að nemendur nái árangri, hver á sínum forsendum, og tileinki sér á skólagöngunni metnað til þess að ná sínum markmiðum. Skólinn leggur metnað sinn í að ná góðum árangri í að efla lestrarfærni nemenda og læsi enda er lestur undirstaða alls annars náms. Skólinn leggur metnað sinn í að efla skilning á tölum og talningu enda er það grunnur að stærðfræðinámi og raungreinum. Skólinn leggur metnað sinn í allar aðrar námsgreinar og námssvið bæði leik- og grunnskóla og gerir kröfur á nemendur. Við lok skólagöngu nemenda í Árskógarskóla, sem útskrifast þaðan við lok 7. bekkjar, er regnhlíf um námsárangur **lykilhæfnin** en innan þeirra þátta eru öll markmið skólagöngunnar. Því betri árangur sem nemendur ná í hverri grein þeim mun líklegri er að hver og einn geti sem best tileinkað sér þau hæfniviðmið sem lögð eru til grundvallar þeirri lykilhæfni sem er undirstaða alhliða þroska nemenda. Lykilhæfnin er einnig metin við lok 4. bekkjar. Lykilhæfnin er skilgreind í fimm flokka: *Tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi*. Árskógarskóli leggur áherslu á námsárangur á öllum sviðum lykilhæfni.



Skólaping

Reglulega, að jafnaði tvisvar sinnum að vetri, eru haldin [skólaping í Árskógarskóla](#) þar sem nemendur koma með tillögur um eigið nám og leiðir til að stuðla að jákvæðum skólabrag, vinna afmörkuð verkefni og kynna í hópum eða ein og sér. Markmiðið er að nemendur hafi áhrif á skólann á lýðræðislegan hátt og þær ákvarðanir sem eru teknar, enda mikilvægt að raddir nemenda og skoðanir séu virtar. Einn af grunnþáttum menntunar er einmitt **Lýðræði og mannréttindi** og skólaping er haldið í þeim anda. Lýðræði snýst ekki um að sigra heldur um að taka þátt, það snýst ekki um samkeppni heldur um samvinnu. Og ef það á að vera réttlátt þá þurfa allir að hafa jafna möguleika til þátttöku, þrátt fyrir að búa yfir misjöfnum burðum til þátttöku.

Samkensla

Í Árskógarskóla er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og nám í gegnum leik og að námsumhverfi, námsgögn og leikefni sé fjölbreytt til að mæta þörfum hvers og eins. Í skólanum er aldursblöndun á leikskólastigi og samkensla árganga á grunnskólastigi þar sem nemendur fá námsefni við hæfi óháð aldri. Nemendur vinna og leika í stórum og litlum hópum, aldursblönduðum, þvert á skólastig eða hvað sem hentar hverju sinni undir leiðsögn umsjónarkennara, hópstjóra eða annars starfsfólks. Samkensla á grunnskólastigi er ólík milli skólaára og fer eftir samsetningu og fjölda í hverjum árgangi. Í árganganámskrá hvers skólaárs er nánar útskýrt hvaða árgöngum er kennt saman og hvernig samkensla er útfærð með markmið aðalnámskrár í huga.

Leikurinn

Í skólanum er lögð áhersla á mikilvægi frjálsa leiksins fyrir þroska barnsins. Leitast er við að gefa börnum kost á sem fjölbreytilegustu viðfangsefnum, leikefni og aðstæðum, sem örva öll þroskasvið þeirra. Börnin velja sér svæði og leikefni, bæði inni og úti, þar sem þau leika sér á eigin forsendum. Kennari er bæði áhorfandi og þátttakandi í leik barnanna og hann nýtir tækifæri sem gefast til að ýta undir áhuga barnanna, styðja við nám þeirra og hvetja þau til þátttöku í lýðræðislegum athöfnum.

Hópastarf

Í hópastarfi leikskólastigs vinna börnin saman í hópi jafningja að ákveðnum verkefnum og í frjálsum leik. Í litlum hópi gefst tækifæri til að efla félagsleg tengsl, hjálpssemi og að ýta undir sjálfstæði og frumkvæði hvers og eins. Hver kennari ber ábyrgð á tilteknum hópi barna. Hann miðar kennslu og verkefnaval við þroska og áhuga barnanna í hópnum, ýtir undir sjálfsnám þeirra og að börnin læri hvert af öðru. Kennarinn veitir börnunum öryggi og hlýju og ýtir undir áhuga þeirra að efla þekkingu sína og færni.

Hvöld

Hvöld er nauðsynleg öllum en börn þurfa mismikla hvöld. Starfsfólkið leitast við að uppfylla þarfir hvers og eins og sýna börnunum umhyggju og hlýju svo þau upplifi öryggi. Yngstu börnin sofna en þau eldri á leikskólastigi hvílast á meðan hlustað er á sögu. Börnin sofa ýmist inni eða úti í vagni allt eftir þörfum hvers og eins. Mikilvægt er að efla líkamsvitund barna og þau læri að þekkja mun á hvíld– hreyfingu og spennu –slökun.



Val nemenda

Allir nemendur fá tíma í hverri viku þar sem færi gefst til þess að velja sér viðfangsefni í námi og leik. Nemendur velja sér leið að markmiði í námi þegar það er mögulegt, velja sér leikefni og jafnvel leikfélaga, velja sér að ná markmiðum inni eða úti.

Uppbygging skóladagsins

Þegar skóladagur nemenda er skipulagður þarf að finna jafnvægi milli lærdómslota, leiks, útiveru, hvíldar, næringar og annarra þátta sem koma fyrir á einum skóladegi.

Nemendur í 1.-4. bekk fá 30 kennslustundir á viku að jafnaði og 5. - 6. bekkur 35 kennslustundir sem skiptast samkvæmt [viðmiðunarstundaskrá](#) en allir nemendur grunnskólastigs eru í skólanum virka daga frá 8-13:30.

5.1 Námsgögn

Sú breyting varð sumarið 2017 að Dalvíkurbyggð útvegar nemendum á grunnskólastigi námsgögn endurgjaldslaust. Námsgögn sem verið hafa á innkaupalista nemenda standa þeim til boða, s.s. blýantar, yddarar, strokleður, stílabækur og möppur. Foreldrar þurfa áfram að útvega skólatösku, vasareikni og íþrótt- og sundföt. Nemendum ber að koma með tilheyrandi námsgögn í skólann og fara vel með þau námsgögn sem skólinn útvegar.

5.2 Heimanám

Það er stefna skólans að lágmarka heimanám og reyna eftir fremsta megni að gera nemendum kleift að klára vinnu sína á skólatíma. Miðað er við að lestur sé heimanám alla virka daga. Ef heimanám nemenda á grunnskólaaldri er til staðar á einhverjum tímapunkti umfram lestur og tilfallandi verkefni sem hentar vel skóla, nemanda og námi hans, skal það vera hæfilegt og einstaklingsmiðað eins og kostur er. Það er samkomulag á milli kennarans og foreldra hverju sinni hvort heimanám sé eða ekki og hvernig það er sett fram. Ef nemandi hefur af einhverjum sökum ekki sinnt námi sínu á skólatíma getur kennari í samvinnu við heimilið sett honum fyrir að vinna það upp heima ef aðstæður leyfa.

5.3 Tómsbundastarf og félagslíf barnanna

Í Árskógaraskóla er [nemendaráð](#) sem stendur fyrir ýmsum atburðum fyrir nemendur á skólatíma en einnig utan opnunartíma skólans en þá er starfsfólk eða foreldrar þeim innan handar. Sem dæmi um atburði er leikjadagur, hæfileikakeppni og gistikvöld. Verkefnastjóri félagsmiðstöðvar á Dalvík stendur fyrir opnu húsi reglulega fyrir hvern nemendahóp sem nánar er skilgreint á fundi með nemendum. Nemendum stendur einnig til boða að sækja félagsmiðstöðina á Dalvík. [Foreldrafélag](#) skólans stendur fyrir ýmsum viðburðum eins og bekkjarkvöldum, bingói og fleiru sem stuðlar að auknu félagslífi.

5.4 Frístund

Fræðsluvið ber ábyrgð á því að öll grunnskólabörn á aldrinum sex til níu ára eigi kost á dvöl í skólavistun. [Frístund](#) í Árskógaraskóla er í boði frá 13:30-16:00 og er samvinnuð starfi leikskólastigs.

5.5 Ferðalög

Ýmsar ferðir eru farnar ár hvert en það ræðst hverju sinni af samsetningu nemendahóps og fjárhag hvaða ferðir eru farnar. Í ferðasjóð nemenda er m.a. aflað fjár í samvinnu við



foreldrafélagið í sambandi við jólaföndur, árshátíð og fleira. Stefnt er að eftirfarandi ferðum hvert skólaár:

- Börn á leikskólaaldri í sveitaferð að vori.
- Heimsóknir Kötlukots á Krílakot.
- Skíðaferð nemenda á grunnskólaaldri.
- Vorferð grunnskólabarna.
- Aðventuferð til Akureyrar.

Á ferðalögum gilda skólareglur.

5.6 Áætlun um móttöku nýrra nemenda

Það er mikilvægt að taka vel á móti nýjum nemanda svo upplifun hans af skólanum og fyrstu kynni séu góð. Áður en nemandi mætir í skólann er haft samband við foreldra og farið yfir ýmsa hagnýta hluti. Foreldrar og barn mæta saman í skólann og hitta umsjónarkennara eða hópstjóra og fylla meðal annars út neyðarkort þar sem allar helstu upplýsingar þurfa að koma fram eins og ef barnið er með ofnæmi. Þá er farið yfir aðlögunarferli barns og þátttökuaðlögun barns á leikskólaaldri kynnt. Því næst er farin stutt skoðunarferð um skólann.

Þegar nemandi hefur nám við Árskógarskóla innritar foreldri nemandi hjá stjórnendum skólans eða fyllir út leikskólaumsókn á heimasíðu Dalvíkurbyggðar. Skólastjóri kynnir nemandann fyrir starfsfólki og nemendum áður en hann hefur skólagöngu sína við skólann.

Eftirfarandi þættir (þó misjafnt milli skólastiga hvað á við) eru útskýrðir fyrir foreldrum og nemandanum í móttökuvíðtalinu:

- Stundaskrá, viðburðadagatal.
- Þátttökuaðlögun.
- Móttaka og brottför barna.
- Fatnaður, gjöld, opnunartími og þagnarskylda.
- Húsnæðið, skóli og félagsheimili.
- Hvað þarf að kaupa og hvað sér skólinn um að útvega?
- Skóladagatal. Farið yfir þá daga sem ekki eru hefðbundnir skóladagar og lokanir.
- Símanúmer, heimasíða og netföng kynnt.
- Skólareglur.
- Mötuneyti og nestismál.
- Skólaakstur.
- Frístund kynnt ef um nemanda í 1. – 4. bekk er að að ræða.
- Hvert á að snúa sér ef nemanda líður illa í skólanum.
- Heimanám og samstarf heimilis og skóla- hlutverk foreldra.
- Mentor kynntur fyrir foreldrum og þeir fá lykilorð sent í tölvupósti.
- Farin kynnisferð um skólann og félagsheimili.

Við upphaf skólagöngu leikskólastigs er mikilvægt að foreldrar kynni sér ýmsar hagnýtar upplýsingar eins og hvað varðar þátttökuaðlögun. Þær má finna í [foreldrahandbók Kötlukots](#).



5.7 Nemendur af erlendum uppruna

Nemendur af erlendum uppruna eru ólíkir og með misjafnar þarfir. Sumir eru fæddir á Íslandi, læra íslensku samhliða móðurmálinu frá upphafi og hafa strax sterkan grunn í íslensku. Einhverjir hefja skólagöngu sína í leikskóla hérlandis þar sem nám í íslensku sem öðru máli hefst snemma og margir þeirra ná góðum grunni í íslensku. Aðrir flytja til landsins á grunnskólaaldri og hafa því lítinn grunn í íslensku þegar nám í íslenskum grunnskóla hefst (Fjölmenningsstefna Dalvíkurbyggðar, 2012).

Skólinn styðst við [fjölmenningsstefnu](#) skólanna í Dalvíkurbyggð við móttöku nemenda af erlendum uppruna. Unnið er að fjölmenningsstefnu Dalvíkurbyggðar og málstefnu fyrir Dalvíkurbyggð. Fjölmenningsstefna skólanna verður endurskoðuð þegar þær stefnur liggja fyrir.

5.8 Afmæli

Í Árskógarskóla býr leikskólabarn til kórónu, býður ávexti og sunginn er afmælissöngur. Grunnskólabarn fær afmælissöng í tilefni dagsins. Ef barn vill koma með eitthvað góðgæti að heiman er það umsjónarkennari/hópstjóri sem tekur afstöðu til þess hverju sinni en almennt er mælt til þess að svo sé ekki. Ekki er leyfilegt að úthluta boðskortum í skólanum nema með leyfi og undir umsjá umsjónarkennara/hópstjóra og að ákveðnum hópi sé boðið.

5.9 Fatnaður

Nemendur skulu ávallt koma klæddir eftir veðri og tilbúnir að leika og læra hvernig sem viðrar. Nauðsynlegt er að nemendur hafi aukapar af sokkum meðferðis í skólann og yngstu börnin ættu alltaf að hafa aukasett af öllum fatnaði. Allir nemendur skólans hafa snaga og merkt hólfi þar sem má geyma aukaföt og þau þarf ekki að losa fyrr en að vori við skólalok. Mikilvægt er að foreldrar sendi börnin sín í fötum sem þola það starf sem fram fer í skólanum, svo sem málningarvinnu, matreiðslu, útiveru og fleira. Skólinn leggur til svuntur og sloppa.

5.9.1 Forstofur

Í Árskógarskóla eru tvær forstofur auk forstofu í félagsheimili. Börn á leikskólaaldri nýta aðra og börn á grunnskólaaldri hina. Í forstofum fer fram mikilvægt uppeldisstarf. Börnin læra smám saman að klæða sig eftir veðri og þau eru hvött til að klæða sig í og úr. Eldri nemendur klæða sig sjálf alla daga og passa sín föt. Allir nemendur hafa snaga og merkt hólfi fyrir aukaföt. Í forstofu gefst gott tækifæri til umræðna um fatnað og veður. Börnin læra að ganga frá fatnaði sínum og að hjálpa hvert öðru. Að klæða sig eflir samhæfingu og líkamsvitund barnsins.

6. Mat á starfi skólans

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 og grunnskóla 91/2008 er gert ráð fyrir bæði innra og ytra mati og eftirliti á gæðum starfs hvers skóla. Með innra mati er átt við sjálfsmat skólans sem er unnið af starfsfólki. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi skóla sem unnin er af utanaðkomandi aðilum, svo sem sveitarfélögum og/eða menntamálaráðuneyti. [Matsáætlun og skýrslur um innra mat.](#)

6.1 Innra og ytra mat á árangri og gæðum

Markmið: Innra mat á að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróun á starfi hans. Innra mat er samofið daglegu starfi skóla og er meðal annars til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til þess að auka vitund starfsfólks hvað varðar ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða



þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kennarar, foreldrar og börn eru mikilvægustu þátttakendurnir. Kennarar skipuleggja og framkvæma innra mat en skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd þess og fylgir eftir umbótum (Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011).

Leiðir: Sjálfsmat nemenda og starfsfólks, könnun á líðan, þroskapróf, samræmd próf, viðhorfskönnun foreldra, Skólapúlsinn, starfsmannakönnun, SVÓT-greining, starfsþróunarviðtöl.

Mat: Starf skólans er metið reglulega allt árið samkvæmt matsáætlun. Stjórnendur, starfsfólk, skólaráð og stjórn foreldrafélagsins meta skólastarfið m.a. út frá niðurstöðum innra mats á sameiginlegum fundum að hausti og vori og koma með tillögum að úrbótum. Stjórnendur og starfsfólk funda reglulega eins og þörf krefur til að meta niðurstöður innra mats og vinna í framhaldinu að tillögum til úrbóta fyrir einstaklinga og hópa eða benda öðrum á hvað má læra af góðum árangri skólans. Niðurstöður innra mats skal nýta til jákvæðrar þróunar skólans og til að vinna að úrbótaáætlun í samráði við starfsfólk og skólaráð.

Markmið: Ytra mat

Fræðsluráð skal hafa eftirlit með því að starfsemi skólans samræmist lögum um leik- og grunnskóla og aðalnámskrám skólastiganna. Ráðið metur skólastarfið með tilliti til aðstæðna og sérstöðu hvers skóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem reglugerðir, lög og aðalnámskrár kveða á um (Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011).

6.2 Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

Skólinn skilar [skýrslu um innra mat](#) að vori þar sem innra mat er tekið saman og kynntar leiðir til úrbóta ef þess gerist þörf.

6.3 Náms- og þroskamats skólans

Mat á árangri og framförum barna og ungmenna er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur náms- og þroskamats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um nám og þroska og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa (Aðalnámskrá almennur hluti, 2011).

Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt. Mat fer meðal annars fram með þessum hætti:

Leikskólastig

- Hljóm 2 er tæki til að athuga hljóðkerfisvitund hjá leikskólabörnum áður en þau hefja grunnskólagöngu. Það er lagt fyrir að hausti á síðasta ári leikskólagöngu og aftur í febrúar fyrir hluta barnanna.
- Þroskalistar leikskólabarna eru notaðir til að meta þroska, hæfni og kunnáttu barna.



- Uppeldisfræðileg skráning er notuð þar sem færni og áhugi barna á ýmsum sviðum er metin og hlustað á þau. Skráningin fer fram í daglegu starfi ýmist með myndum, upptökum, sjálfsmati eða skriflega.
- EFI málþroskaskimunarpróf.
- Orðaskil málþroskapróf.
- Foreldraviðtöl.
- TRAS sem er skráning á málþroska ungra barna.
- Málhljóðamælir segir hvaða málhljóð vanti og gefur til kynna hvenær þurfi að leita til talmeinafræðings.

Grunnskólastig

- Tveggja anna kerfi er í skólanum, haustönn og vorönn. Við lok hvernar annar fá nemendur umsögn/einkunn sem er unnið í Mentor og sent heim til upplýsinga.
- Frammistöðumat/sjálfsmat unnið í Mentor tvisvar sinnum að vetri þar sem nemandi með stuðningi foreldra metur námið sitt og líðan. Kennarar vinna að sömu námslegu þáttum, framkomu og hegðun.
- *Lesferill* frá Menntamálastofnun til að meta lesfimi allra nemenda á grunnskólastigi. Þrisvar að vetri.
- Tölu- og talnaskilningsskimum í 1. og 2. bekk.
- Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði eru lögð fyrir alla nemendur í 4. bekk grunnskóla að hausti og niðurstöður þeirra nýttar til þess að finna hverjum og einum stað samkvæmt markmiðum. Niðurstöður eru greindar af kennsluráðgjafa á fræðslusviði og kynntar kennurum samkvæmt niðurstöðum eins og kostur er.
- Lokamat (vorpróf) og samantekt eftir veturinn með umsögnum og vitnisburði í Mentor.

Unnið er að endurskoðun á námsmatskerfi skólans og innleiðingu hæfnikorta í Mentor.

6.3.2 Lykilhæfni

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum og er grundvöllur að námsárangri hvers og eins nemanda eins og fjallað er um í kafla 5. *Nemendur*. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Lykilhæfni er metin við lok 4. bekkjar í Árskógaraskóla og svo í við lok 7. bekkjar og 10 bekkjar í Dalvíkurskóla.

(Aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið, 2013, bls. 86-87).



7. Starfsfólk

Starfsárið 2025-2026:

Anna Sólveig Jónasdóttir	Skólaliði
Arnar Ragúels Sverrisson	Húsvörður
Berglind Sigurpálsdóttir	Skólaliði
Bjarni J. Valdimarsson	Grunnskólakennari
Brynja S. Lúðvíksdóttir	Skólaliði
Emmi Kalinen	Leiðbeinandi í grunnskóla
Friðrik Arnarsson	Skólastjóri
Gitta Unn Ármannsdóttir	Leikskólakennari/deildarstjóri leikskóla
Guðrún H. Ragúels	Stuðningsfulltrúi
Hanna Bjarney Valgarðsdóttir	Starfsmaður á leikskóla
Helena R. Frímannsdóttir	Sund- og íþróttakennari
Helga Lind Sigmundsdóttir	Deildarstjóri/staðgengill skólastjóra
Íris Ósk Gunnlaugsdóttir	Starfsmaður í leikskóla
Linda Geirdal	Leiðbeinandi í grunnskóla
Magnea Kristín Helgadóttir	Sérkennari/kennsluráðgjafi
Margrét Ágústa Arnþórsdóttir	Starfsmaður í leikskóla
Sandra Björk Nínudóttir	Starfsmaður í leikskóla
Sólveig Lilja Sigurðardóttir	Smíðakennari

Skólahjúkrunarfræðingur er með viðveru einu sinni í mánuði. Þroskaþjálfari og/eða iðjuþjálfari eru kallaðar til frá Dalvíkurskóla eftir þörfum.



Starfsmannasáttmáli

Starfsfólk vann saman starfsmannasáttmála veturinn 2012-2013 sem er í gildi en unnið hefur verið með hann og hann uppfærður á haustin.

Starfsmannasáttmáli Árskógarskóla



7.1 Trúnaðarmenn

Bjarni Valdimarsson er trúnaðarmaður grunnskólakennara.

7.2 Öryggistrúnaðarmaður

Anna Sólveig Jónasdóttir eru öryggisfulltrúi skólans. Hennar hlutverk er að gæta hagsmuna starfsfólks og nemenda, til dæmis með því að gæta þess að neyðarútgangar séu færir, vinnuaðstaða sé góð o.fl.

7.3 Áætlun um móttöku nýrra starfsmanna

Mikilvægt er að taka vel á móti nýju starfsfólki. Það skal frætt um vinnubrögð og starfsvenjur á nýjum vinnustað. Starfsmanni er sýnt húsnæðið, skólahús og félagsheimili, starfsmannaaðstaða kynnt og kappkostað að starfsaðstaða sé fyrir hendi strax á fyrsta vinnudegi. Þá á að vera búð að ákveða vinnusvæði starfsmannsins og koma upp nauðsynlegum vinnutækjum, svo sem tölvu, síma og netfangi eftir því sem við á. Kynna skal nýjan starfsmann fyrir stefnu skólans, skólanámskrá, samstarfsfólki og nemendum skólans. Nýr starfsmaður fær kynningu á [mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar](#).

7.4 Starfsmannastefna

Árskógarskóli leggur áherslu á að þar starfi áhugasamt og hæft starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu. Það er stefna skólans að starfsfólk hafi tækifæri til þess að auka hæfni sína og viðhalda fagmennsku með því að sinna endurmenntun sem einnig þjónar þörfum skólans. Auk kennara, sérkennara, stuðningsfulltrúa og skólaliða starfi þar þroskajálfi, iðjuþjálfari og námsráðgjafi sem hafi þverfaglegt samstarf varðandi ráðgjöf og stoðþjónustu innan skólans.



Mikilvægt er að starfsfólk búi við góða vinnuáðstöðu og fjölskylduvæna starfsmannastefnu í samræmi við [mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar](#).

7.5 Símenntunaráætlun

Símenntun starfsmanna fer fram í samræmi við endurmenntunarbörf á hverjum tíma fyrir sig og eftir áherslum í starfi skólans hverju sinni með það að markmiði að allir starfsmenn hafi yfir að ráða haldgóðri þekkingu á þeim þáttum sem snerta þeirra störf, í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans. Stefnt er að því að starfsmenn bæti sífellt við þekkingu sína og færni og bæti sig þannig í starfi enda séu þeim sköpuð tækifæri til þess. Þá er markmiðið að auka starfsgleði, að styrkja samstarf og sameiginlega sýn starfsmanna.

Veturinn 2025-2026 eru eftirfarandi áhersluþættir lagðir til grundvallar:

Viðfang	Hópur	Markmið	Tími	Ábyrgð/umsjón
Uppbygging	Allir	Bæta við grunninn og festa í sessi	Ágúst og starfsmannafundir	Skólastjóri
Útikennsla	Allir kennarar	Markviss útikennsla	Allur veturinn	Deildarstjóri
Umhverfismennt	Allir	Viðhalda Grænfána	Ágúst og starfsmannafundir	Deildarstjóri
Leiðsagnarnám, fjölbreyttir kennsluhættir og teymiskennsla	Allir kennarar	Fjölbreytni í kennslu, samstarf og samvinna.	Veturinn	MSHA og Skólastjóri
Lestur og læsi með áherslu á lestrarkennslu og lestrarerfiðleika	Allir kennarar	Heildstæð stefna verði til um lestur og læsi	Allur veturinn	Skólastjóri, deildarstjóri og sérkennari
Tölur og talnaskilningur	Allir kennarar	Auka ánægju nemenda af stærðfræði	Allan veturinn	Skólastjóri, deildarstjóri og sérkennari
List- og verkgreinar	Grunnskólakennarar	Samkennsla árganga og heildstæð verkefni	Allan veturinn	Skólastjóri og deildarstjóri
Menntastefna Dalvíkurbyggðar	Allir	Innleiðing stefnu og starfshátta	Allan veturinn	Skólastjóri, MSHA og Fræðslusvið



8. Öryggi og varnir

Rík áhersla er lögð á öryggi barna og starfsfólks. Skólinn leggur áherslu á að skipulag innan skólans sé gott og hver hlutur eigi sinn stað í lok dags. Þegar röð og regla er á hlutum, merkingar skýrar og áberandi er hægt að minnka hættu á slysum. Æfingar eru haldnar samkvæmt áætlunum.

8.1 Áætlun um öryggis- og slysavarnir

Fyrstu viðbrögð við slysum byggja á þekkingu, þjálfun og reynslu starfsmanna. Öll slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð. Í öllum alvarlegri slysatilfellum, er hringt á slysadeild og leitað ráða. Foreldrar eru alltaf látnir vita og hafðir með í ráðum ef um alvarlegt slys er að ræða.

Eftirlit með öryggisþáttum

Allur búnaður, húsnæði og lóð er skoðað tvisvar á ári og úrbætur gerðar eftir þörfum. Skólalóð er ætíð yfirfarin áður en börnin fara út á morgnana.

8.2 Áætlun um viðbrögð við áföllum

Áfallateymi skólans mynda Friðrik skólastjóri og Helga Lind deildarstjóri. Umsjónarkennarar eru til vara. [Áfallaáætlun má lesa hér.](#)

8.3 Rýmingaráætlun

Gott samstarf er við eldvarnareftirlit og slökkvilið um brunavarnir og viðbrögð við bruna. Skólinn æfir rýmingu skólans og félagsheimilisins að minnsta kosti einu sinni á ári í samvinnu við slökkviliðsstjóra. [Rýmingaráætlun Árskógarskóla.](#) [Rýmingaráætlun félagsheimilisins.](#)

8.4 Viðbrögð við vá, svo sem veikindafaraldri, eldgosi, jarðskjálftum

Ýmsar áætlanir má finna [hér](#).

9. Samskipti og skólabragur

Skólinn leggur ríka áherslu á jákvæð samskipti skólans við nemendur og foreldra og við aðra sem að honum koma á einn eða annan hátt. Skólinn notar hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar í aga- og samskiptamálum. Starfsfólk skólans leggur áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda eins og áður sagði, meðal annars með aðferðum Uppbyggingarstefnunnar, Uppeldi til ábyrgðar- uppbygging sjálfsaga. Til þess að svo geti verið er unnið samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (almennur hluti 2011, bls. 45) og nemendum kennt að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi með góðum samskiptum, virðingu og umburðarlyndi og að taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun. Skólinn leggur áherslu á forvarnarstarf gegn einelti sem er ein grunnstoðin í að búa til jákvæðan skólabrag og vinna gegn einelti og öðru ofbeldi. Skólinn leitar allra leiða til þess að hver og einn nemandi hafi vinnufrið í skólanum og geti þannig sem best náð tökum á námi sínu, enda er það að hafa vinnufrið, skilgreint í Aðalnámskrá, meðal grundvallarréttinda nemenda svo kennslan nýtist þeim sem best. Starfsfólk skólans leggur sig fram um góð samskipti og góðan vinnuanda svo grunnur að jákvæðum skólabrag sé sterkur. Með sterkum starfsmannahópi, sem fær foreldra í lið með sér til að styðja við nám barna sinna og velferð, er mögulegt að skapa jákvæðan skólabrag og sýna nemendum fordæmi um góð samskipti. Skólabragur er jákvæður þegar allir sem að skólanum koma vinna saman, öllum líður vel og nám og kennsla á sér stað. Að allir hafi tækifæri til þess að taka þátt og ná markmiðum sínum.



9.1 Samskipti starfsfólks, nemenda og foreldra

Starfsfólk kemur fram við nemendur og hvert annað af virðingu, umhyggju og nærgætni. Starfsfólk leggur sig fram við að eiga góð samskipti við foreldra og þannig eru hinir fullorðnu góðar fyrirmyndir. Nemendur gera sáttmála í anda Uppbyggingarstefnunnar innan hvers námshóps þar sem meðal annars er fjallað um samskipti.

9.2 Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun

Skólinn leggur sig fram um að eiga gott samstarf við heimilin enda er samstarf allra sem að nemanda koma lykilþáttur í þroska hans og námi. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann til samstarfs og þátttöku í skólastarfinu enda bera foreldrar ábyrgð á námi barna sinna í samvinnu við skólann. Upplýsingar um þroska og nám færir skólinn foreldrum meðal annars með viðtölum, með heimanámi og með matsmöppum þar sem sjá má sýnishorn af vinnu og mati barnanna. Ýmsar hagnýtar upplýsingar birtast á heimasíðu skólans, á upplýsingatöflum innan skólans og í mánaðarlegu rafrænu fréttabréfi sem birtist á heimasíðu skólans.

9.3 Samstarf við aðra skóla

Nemendur Árskógarskóla eru þar til loka 6. bekkjar og fara þá alla jafna í Dalvíkurskóla. Markvisst er unnið með aðlögun nemenda að Dalvíkurskóla með þátttöku þeirra í starfi Dalvíkurskóla nokkur skipti yfir veturinn. Skólaárið 2026-2027 verður breyting á skólastarfi Dalvíkurbyggðar og verður þá Árskógarskóli fyrir börn frá 1 árs og upp í 4. bekk grunnskóla. Markvisst samstarf verður veturinn 2025-2026 milli grunnskóla Dalvíkurbyggðar um að nemendur sem eru nú í 4.-6. bekk fari í reglulegar heimsóknir í Dalvíkurskóla og venjist þar með nýju umhverfi og kennurum.

Árskógarskóli leggur áherslu á samstarf við tónlistar-, grunn- og leikskóla Dalvíkurbyggðar. Skólastjórnendur funda reglulega með öðrum skólastjórum og vinna saman að þeim verkefnum sem henta hverju sinni. Skólinn nýtir þjónustu iðjuþjálfra og námsráðgjafa Dalvíkurskóla og á samstarf við Dalvíkurskóla og Krílakot hvað varðar námskeið og endurmenntun.

9.4 Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska

Kirkjan er eitt kennileiti samfélagsins og hefur boðið okkur í heimsókn til að kynnst starfinu þar, byggingunni og hlutverkinu. Hvern vetur eru unnin verkefni tengd heimabyggðinni á einhvern hátt þar sem til dæmis fyrirtæki í heimabyggð og nærsamfélagi eru heimsótt, upplýsinga aflað um þau og unnið með í skólanum. Má þar nefna heimsókn í Ektafisk á Hauganesi. Jólaföndursdagurinn er öllum opin þar sem tengsl skóla við samfélagið eru styrkt. Bændur í Stærri-Árskógi taka reglulega á móti nemendum í fjósið þar sem fræðst er um landbúnað, dýrin og tæknina nú til dags við mjaltir. Reglulegar vettvangsferðir eru farnar í Brúarhvammsreitinn þar sem unnin eru verkefni og hlúð að gróðri. Tengsl skólans við nærsamfélagið eru sterk og það nýtt á margan annan hátt.

9.5 Skólareglur

Skólareglur Árskógarskóla voru unnar af nemendum og starfsfólki haustið 2012. Reglurnar og ferli agamála við broti á þeim má finna á heimasíðu skólans, þær voru uppfærðar vorið 2023.

Skólareglur Árskógarskóla

Starfsfólk og nemendur skólans skilgreina ákveðin skýr mörk sem eiga að stuðla að auknu öryggi í skólanum og skapa aðstæður til að nemendur geti öðlast sjálfstjórn og eflst að þroska og vísu.



9.6 Flutningur milli skólastiga

Þar sem öflugt samstarf er á milli allra barna skólans þarf ekki sérstaka aðlögun milli skólastiga. Þegar nemendur færast milli skólastiga er haldinn skilafundur kennara barnsins í leikskóla og umsjónarkennara barnsins í grunnskóla. Þar er farið yfir helstu upplýsingar varðandi nám og þroska barnsins.

10. Stoð- og sérfræðipjónusta

Í 21. gr. laga um leikskóla frá 2008 segir: Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðipjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðipjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla. Í 40. gr. laga um grunnskóla frá 2008 segir: Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðipjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra. Samkvæmt Lögum um grunnskóla 91/2008 skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms og að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar. Jafnframt er tekið fram í þessari grein að í öllu skólastarfi skuli tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu eða áhugasviðum nemenda.

Hjúkrunarfræðingur sinnir margskonar fræðslu. Ráðgjafi frá félagspjónustu fundar reglulega með skólastjóra og situr í nemendaverndarráði sem fjallar um málefni einstakra barna. Kennsluráðgjafi af fræðslusviði er kennurum og foreldrum til ráðgjafar og situr einnig í nemendaverndarráði. Foreldrar mæta reglulega í viðtöl í skólann þar sem farið er yfir nám og líðan og leitað leiða til að gera betur. Sérþörfum nemenda er því mætt með ýmsu móti og stoðkerfið er sterkt og faglegt.

Nemendaverndarráð

Í skólanum er starfandi nemendaverndarráð. Hlutverk þess er að fjalla um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa og leita úrræða þegar vandamál koma upp. Ráðið er skipað skólastjórnendum, hjúkrunarfræðingi, kennsluráðgjafa á fræðslusviði og fulltrúa frá félagspjónustu Dalvíkurbyggðar. Aðrir sérfræðingar, foreldrar og kennarar sitja fundi ráðsins eftir því sem við á. Þau mál sem fjallað er um á fundum hjá nemendaverndarráði eru að sjálfsögðu unnin í algjörum trúnaði. Tilvísanir eða beiðnir um aðstoð frá kennurum eða foreldrum eru teknar fyrir á fundum og ráðið fær síðan á sinn fund aðra sérfræðinga, foreldra, kennara eða aðra eftir því sem við á til þess að leita lausna innan veggja skólans eða utan. Ráðið má ekki taka fyrir mál einstakra nemenda nema með leyfi foreldra/forráðamanna.

Nemendaverndarráð gegnir hlutverki **eineltisteymis** skólans. Um einelti, eineltisáætlun, hlutverk eineltisteymis og aðgerðaráætlun má lesa á heimasíðu [hér](#).

Sérkennsla og nemendur með sérþarfir

Kennsluráðgjafi kemur einu sinni í mánuði eða eftir þörfum hverju sinni og veitir ráðgjöf til kennara og aðstoðar við útfærslu náms og kennslu nemenda sem þurfa til dæmis einstaklingsáætlanir. Hann vinnur úr prófum og Lesferli og kemur með leiðir í samvinnu við kennara um úrbætur. Sérstakur stuðningur við börn með sérþarfir á leikskólaaldri er ákveðinn af sérfræðingum skólans og fræðslu-/félagssviði og er alltaf tímabundinn, metinn í hverju tilviki fyrir sig. Sérkennsla er því þjónusta sem skólinn veitir börnum með sérþarfir svo sem



vegna fötlunar, þroska- og hegðunarfrávika eða vegna tilfinningalegra frávika eða annarra sérstakra aðstæðna barns. Hvar sérkennsla fer fram fer eftir þörfum barnsins hverju sinni en gert er ráð fyrir að allir nemendur hafi rétt á því að vinna að námsmarkmiðum sínum sem virkir þátttakendur í námsumhverfi jafnaldra. Nemendur hafa rétt á því að koma með óskir og hafa áhrif á það hvernig stuðningi við þá er háttað. Þeir vinna þannig eftir einstaklingsmiðuðum nám- og stundaskrár eftir þörfum en gefst jafnframt færi á því að vinna með jafnöldrum í öllum fögum skólans.

Nánar má lesa um stefnu grunnskóla Dalvíkurbyggðar um [þjónustu nemenda með sérþarfir](#) og stefna leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta [sértækum þörfum barna](#).

Skólahjúkrun

Skólahjúkrunarfræðingur í Árskógarskóla er Karen Júlía Fossberg Leósdóttir. Hún er í skólanum einu sinni í mánuði, eða eftir þörfum. Aðstaða hennar í skólanum er í fundarherbergi í kjallara.

Tími hennar í skólanum er að jafnaði frá kl. 9-12 og er nýttur í skólaskoðanir, heilbrigðisfræðslu, viðtöl og annað eftirlit.

Ef nauðsynlegt er að ná á henni fyrir utan þennan tíma þarf að hringja á heilsugæslustöðina á Dalvík. Símanúmerið er 466-1500. Ef hún er ekki á stöðinni þarf að skilja eftir símanúmer og hún hefur samband um leið og hún getur. Foreldrar geta kynnt sér verksvið skólaheilsugæslunnar hér í þessu viðhengi: [6 H heilsunnar](#).

Iðjuþjálfun / þroskaþjálfun

Árskógarskóli og Dalvíkurskóli hafa gert með sér samning um afnot þess fyrrnefnda af þjónustu þess síðarnefnda eftir þörfum hverju sinni. Iðjuþjálfari og þroskaþjálfari koma í Árskógarskóla samkvæmt samkomulagi. Gott samstarf er milli skólanna. Ráðgjöf þroskaþjálfara frá félagssviði nær til leikskólastigs og kemur sá starfsmaður reglulega á teymisfundi.

11. Yfirstjórn skólans

Árskógarskóli er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar. Fræðsluráð fer með málefni skóla Dalvíkurbyggðar og markar stefnu í uppbyggingu og rekstri þeirra í umboði sveitarstjórnar. Fræðsluráð er skipað fimm fulltrúum og fimm til vara skipuðum af þeim flokkum sem eru í sveitarstjórn. Sviðsstjóri fræðslusviðs er starfsmaður ráðsins.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs fer fyrir fræðsluskrifstofu Dalvíkurbyggðar sem heldur meðal annars utan um skólamál sveitarfélagsins. Hlutverk skrifstofunnar er að koma ákvörðunum fræðsluráðs í framkvæmd, að vera til staðar fyrir skólastofnanir byggðarlagsins og stuðla að því að hver skóli verði framúrskarandi á sínu sviði. Einnig hefur skrifstofan eftirlitshlutverki að gegna tengt lögum og ytra mati á gæðum skólastarfsins.

Á skrifstofunni er starfandi, auk sviðsstjóra, sérfræðingur í skólamálum sem er skólum sveitarfélagsins til ráðgjafar og stuðnings. Helstu samstarfsverkefni fræðsluskrifstofunnar og skólanna eru:

- Fjárhagsáætlun.
- Ytra og innra mat.
- Hvers konar kannanir.
- Þróunarstarf, nýbreytni og sértæk verkefni.
- Styrkumsóknir.



- Samstarf skólanna.
- Sérstök nemendamál.
- Nemendaverndarráð í leikskólum.
- Endurmenntun starfsfólks skólanna.
- Skólanámskrár.
- Ráðgjöf við foreldra og starfsfólk.
- Stefnumótun og fleira.

Náið samstarf er á milli fræðslu- og félagssviðs og veita sérfræðingar þess síðarnefnda leikskólakennurum ráðgjöf og eru samstarfsaðilar hvað varðar sértækar þarfir nemenda.

Starfsáætlun fræðslusviðs (Árskógarskóli, leiðarljós, hlutverk, helstu verkefni, innra starf, upplýsingaflæði, fjögurra ára áætlun) má lesa hér: [Starfsáætlun](#).

11.1 Stjórnun

Við skólann starfa tveir stjórnendur, skólastjóri og deildarstjóri. Deildarstjóri er staðgengill skólastjóra og fer með daglega stjórnun skólans.

11.2 Skipurit

[Skipurit Árskógarskóla](#).

11.3 Skóla- og foreldraráð

Ráðið heitir *Skóla- og foreldraráð Árskógarskóla* og eru samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags.

Í ráðinu skulu sitja:

- Skólastjóri sem boðar fundi og stýrir þeim.
- Fulltrúi grunnskólakennara.
- Fulltrúi leikskólakennara.
- Fulltrúi annars starfsfólks.
- Fulltrúi nemenda kemur úr elsta árgangi skólans.
- Fulltrúi foreldra barna á leikskólaaldri.
- Fulltrúi foreldra barna á grunnskólaaldri.
- Fulltrúi grenndarsamfélags.

Hlutverk skóla- og foreldraráðs:

- Fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- Fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- Fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum.
- Fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundum, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað.



- g. Tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skóla- og foreldraráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla. Skal kosning til skóla- og foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Fundir eru að jafnaði tvisvar að hausti og tvisvar að vori.

[Nánar um Skóla- og foreldraráð og stjórn þess.](#)

11.4 Foreldrafélag

Foreldrafélag Árskógarskóla

Á fundi þann 9. október 2012 var Foreldrafélag Árskógarskóla stofnað.

Markmið og tilgangur félagsins er að:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- Standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

[Nánar um félagið, stjórn þess og lög.](#)

11.5 Nemendaráð

Nemendafélag Árskógarskóla var stofnað 27. september, 2012. Tilgangur þess er að efla félagslegan áhuga nemenda, stuðla að félagsstarfi í skólanum og standa vörð um hagsmuni og velferð allra nemenda skólans.

[Stjórn nemendaráðs og starfsreglur.](#)

12. Árganganámskrá leik- og grunnskólastigs

Í þessum hluta skólanámskrár/starfsáætlunar Árskógarskóla er árganganámskrá þar sem fjallað er um skipulag skólastarfsins, einstakar námsgreinar markmið, leiðir í leik, námi og kennslu, kennslugögn og náms- og þroskamat. Skólanámskráin byggir á leik- og grunnskólalögum og aðalnámskrám leik- og grunnskóla. Árganganámskrá/kennsluáætlanir er unnin af kennurum og er ætlað að vera leiðarljós og leiðbeining fyrir kennara, nemendur og foreldra um námsfyrirkomulag í viðkomandi árgangi/námshóp. Þær eiga að gefa sem gleggsta mynd af því starfi sem framundan er hverju sinni. Markmið sem sett eru fram í árganganámskrá/kennsluáætlunum eru ætluð til viðmiðunar enda er allt nám og leikur einstaklingsmiðað þannig að hver og einn nemandi nær sínum markmiðum eins og aldur hans, þroski og geta gefa tækifæri til. Unnið er að því að setja allar kennsluáætlanir og námslotur, í grunnskólanum inn í Mentorkerfið og innleiða hæfnikort fyrir nemendur. Hæfnikort eru unnin upp úr hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Áfram er unnið með árganganámskrá í leikskólanum á þessu skólaári.